



Mótanefnd KSÍ

Reykjavík, 7. febrúar 2025.

Efni: Umsögn mótanefndar KSÍ vegna tillögu um varamenn og starfsfólk á bekk (Þingskjal 8).

Nefndin telur að skýra þurfi betur hverjir teljist til þeirra leikmanna sem megi vera varamenn nr. 8 og 9. Það er t.d. nauðsynlegt vegna þess að það gilda ekki sömu hlutgengisreglur í 2. flokki karla og kvenna. Betra færi á því að binda þetta við aldur leikmanna.

Nefndin telur jafnframt að í tillögunu vanti viðurlög við brotum á þessu ákvæði með varamenn nr. 8 og 9. Viðurlagakaflinn þurfi að vera skýr og í samræmi við önnur ákvæði KSÍ og stuðli að því að ná markmiðum breytingarinnar.

Mótanefnd KSÍ